

Nr. 10/1876: Einar og Guðmundur
Þórarinssynir
gegn
eigendum jarðarinnar Skjöldólfsstaða.
D ó m u r.

Þar eð umboðsskjöl þau, sem eigendur Skjöldólfsstaða hafa gefið Sveini Björgólfssyni á Fremri—Kleif, að eins fela honum »að standa fyrir málssókn út af landamerkjum jarðarinnar», og «að framhalda máli því, er byrjað hefur verið út af landamerkjum milli jarðanna Skjöldólfsstaða og Fagradals», en ekki virðist veita honum nægilega heimild til að leggja málið til sætta, eins og hann þó hefur gjört, og að sættast á það, þá verður samkvæmt tilsk. 20. janúar 1797 15. gr. ekki álitid, að lögleg sáttatilaun hafi fram farið í málinu, og ber því að dæma dóm undirrettarins ómerkan, og vísa málinu frá undirrettinum. Málskostnaður virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrettarins dómur á ómerkur að vera, og vísast málinu frá undirrettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1876: Faktor V. Holm
gegn
bæjarstjórninni á Ísafirði.
D ó m u r.

Hinn 14. desembermán. f. á. bannaði bæjarstjórnin á Ísafirði öllum að taka beitu þar á kaupstaðarins lóð, nema þeim af kaupstaðarbúum, er gjörðu út skip með venjulegum lóðafjölda til fiskiveiða, og auglýsti bæjarfógetinn bann þetta á þann hátt, sem þar er

tíðkanlegur; en banni þessu hlýddi eigi verzlunarstjóri V. Holm og leyfði, að tekin væri beita á granda nokkrum, er gengur fram af Suðurtanganum, og sem með fjörunni fjarar út í, því hann áleit, að grandi sá lægi undir verzlunarhús húsbænda sinna, Sass & Sönnar í Kaupmannahöfn, er þeir eiga þar á Suðurtanganum. Fyrir þetta kallaði bæjarstjórnin tjeðan verzlunarstjóra fyrir sáttanefnd, en er sáttum eigi varð komið á, höfðaði hún lögreglumál gegn honum, og felldi bæjarfógetinn þar 29. marz þ. á. í því svo felldan dóm: að verzlunarstjóri Holm skyldi greiða 100 krónur til bæjarsjóðs Ísafjarðar kaupstaðar og 20 krónur til kæranda málsins, bakara Þ. Þorsteinssonar. Þessum dómi hefur nefndur verzlunarstjóri skotið til yfirdómsins og krafist þar, fyrst og fremst: að dómurinn og öll meðferð málsins verði dæmt ómerkt, og til vara: að hann verði dæmdur sýkn, og sömuleiðis að hinir stefndu verði skyldaðir til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum skaðlaust eða nægilegan.

Aðalkröfu sína hefur áfrýjandinn byggt á því: 1, að annar sáttasemjarinn hafi verið einn af bæjarfulltrúunum, og 2, að málið hefði ekki átt að höfðast sem lögreglumál. Að vísu hefði það verið hið eðlilegasta, að höfða mál þetta sem reglulegt einkamál; en með því áfrýjandinn þó ekkert hafði á móti því fyrir undirdóminum, að málið væri höfðað sem lögreglumál, og rjettur hans því eigi virðist hafa verið borinn neitt ofurliða með þessu, þá verður eigi sjeð, að ónýta þurfi málið af þessari ástæðu; en þar af leiðir aptur, að þótt gallar hefðu verið við sáttatilraunina, er fram fór fyrir sáttanefndinni, þá getur það engin áhrif haft á málið, úr því það síðan var höfðað sem lögreglumál, og dómurinn þá leitaðist við að setta málsviðeigendurna, því með því varð óþörf og ómerk sáttatilraun sátta-

nefndarinnar. Að því þá málið sjálft snertir, þá sýnir tilskipun 26. janúar 1866 1. gr., að öll Skutulsfjarðar-eyrin og þá einnig Suðurtanginn er innan umdæmis kaupstaðarins; enn fremur verða menn að álíta, að allt það land, sem lagt hefur verið út til kaupstaðarstæðis, sje eign bæjarins, nema það, sem einstakir menn geta sannað eignarrjett sinn yfir; nú hefur áfrýjandinn eigi sannað, að húsbændur hans ættu granda þann, þar sem beitan var tekin, og því ekki heldur, að hann ætti rjett á að lofa að taka þar beitu, og verður hann því að bæta bæjarsjóðnum beitu þessa; en með því hann eigi hefur viljað kannast við, að hann hafi látið taka eða leyft að taka þar beitu, eptir að bannið kom út, nema einn bátsfarm, og bæjarstjórnin eigi hefur sannað, að hann hafi leyft að taka þar meiri beitu, getur honum eigi gjörzt að borga hjer fyrir meira en 6 krónur, sem er verð það, er bæjarstjórnin áskilur fyrir bátsfarminn af beitunni, þegar hún er tekin, án þess borgað sje fyrir fram. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, verzlunarstjóri V. Holm á að greiða til bæjarsjóðs Ísafjarðar kaupstaðar 6 krónur. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna frá frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.